

**AUGLÝSING**

1

2. jan.

**um notkun heimildar laga nr. 121 22. des. 1947, um að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 121 22. des. 1947 og innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfa gjöld og lestagjald. Þó skulu uppboðslaun samkvæmt V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 innheimt með einungis 40% viðauka.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga nr. 121 22. des. 1947 og innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr. nefndra laga, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

**SAMÞYKKT**

2

5. jan.

**um fjárskipti á svæðinu milli Blöndu og Torfustaðahrepps í Húnavatnssýslu.**

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er: Blönduóshreppur vestan Blöndu, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Þorkels-hólshreppur, Þverárhreppur, Kirkjuhvammshreppur og Hvammstangahreppur.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1948, ef unnt er, en annars svo fljótt sem við verður komið.

Fjárfjöldi á svæðinu var um áramótin 1946—1947 kr. 24000.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 26 menn eða 3 fyrir hvern hrepp, nema tveir fyrir Blönduóshrepp vestan Blöndu, samkv. 25. gr. laganna, og jafn margir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru, að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt, að sjá um, að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum, að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrir-mæli.